

JÖKLARANNSÓKNAFÉLAG ÍSLANDS

Nr. 127

Október 2013

Fréttabréf



Gunnar Hjaltason

HAUSTFUNDUR

Haustfundur Jöklarannsóknafélags Íslands verður haldinn þriðjudaginn 22. október kl. 20 í Öskju, náttúrufræðahúsi Háskóla Íslands.

Efni fundarins: Vá af völdum eldgosa á Íslandi, Freysteinn Sigmundsson
Jarðskjálftavá á Íslandi, Bjarni Bessason

Myndasýning: Eldstöðvar og eldgos í jöklum á Íslandi
Magnús Tumi Guðmundsson

HAUSTFUNDUR

Haustfundur Jökларannsóknafélags Íslands verður haldinn þriðjudaginn 22. október kl. 20 í sal 132 í Öskju, náttúrufræðahúsi Háskóla Íslands. Á fundinum verður fjallað um v4 af völdum jarðskjálfta og eldgosa á Íslandi og sýndar myndir af eldstöðvum og gosum í jöklum. Tílefní fundarins er útgáfa bókarinnar Náttúruv4 á Íslandi: Eldgos og jarðskjálftar. Hún kom út á 40 ára afmæli Heimaeyjargossins, þann 23. janúar síðastliðinn. Bókin er gefin út af Viðlagatryggingu Íslands og Háskólaútgáfunni. Ritstjórar beggja meginhluta bókarinnar, Bjarni Bessason og Freysteinn Sigmundsson munu fjalla um jarðskjálfta og eldgos. Eftir hlé mun Magnús Tumi Guðmundsson sýna myndir af eldfjöllum í jöklum landsins, en af þeim eigum við Íslendingar nóg. Bókin mun liggja frammi á fundinum. Hún mun bjóðast félagsmönnum á afsláttarkjörum hafi þeir hug á að festa kaup á henni.

NÁTTÚRUV4 Á ÍSLANDI: ELDGOS OG JARÐSKJÁLFTAR

Snemma á þessu ári kom út bókin Náttúruv4 á Íslandi: Eldgos og jarðskjálftar. Í bókinni er dreginn saman mikill fróðleikur. Fjallað er ítarlega um hegðun og eðli eldgosa, saga eldstöðva á Íslandi rakin og jarðskjálftum gerð skil. Margir helstu sérfræðingar landsins hafa lagt til efni í bókina, en höfundar eru nærri 60 talsins. Fyrir utan ítarlega umfjöllun um eldvirkni og jarðskjálfta sem hafa valdið okkur þungum búsiþjum gegnum tíðina, er sagt frá nýjustu rannsóknum í jarðvísindum og jarðskjálftafræði sem tengjast Íslandi. Er bókin þannig einstakt yfirlit yfir þekkingu okkar á þessum þáttum íslenskrar náttúru. Hún er í senn fræðirit fyrir almenning og uppsláttarrit fyrir vísindamenn. Aðalritstjóri bókarinnar er Júlíus Sólnes, fv. prófessor og umhverfisráðherra. Ritstjóri eldgosahluta er Freysteinn Sigmundsson, jarðeðlisfræðingur á Jarðvísindastofnun Háskóla Íslands, og ritstjóri jarðskjálftahluta er Bjarni Bessason, prófessor við Umhverfis- og bygginarverkfræðideild á Verkfræði- og náttúruvísindasviði Háskóla Íslands. Bókin, sem er gefin út af Viðlagatryggingu Íslands í samvinnu við Háskólaútgáfuna, er 786 bls. Í henni eru nærri 1000 ljósmyndir, kort og skýringarmyndir.

Náttúruvá á Íslandi er án efa eitt ítarlegasta og efnismesta rit um eldvirkni og jarðskjálfta á Íslandi sem gefið hefur verið út, frá því að Þorvaldur Thoroddsen skrifaði bækur sínar um sama efni fyrir hartnær 100 árum.

Magnús Tumi Guðmundsson

ÁRSHÁTIÐ JÖRFÍ 2013

Árshátið Jökларannsóknafélagsins verður haldin laugardaginn 16. nóvember næstkomandi og hefst með fordrykk kl. 18:00.

Miðaverð og miðasala verður með hefðbundnum hætti og verður auglýst síðar. Endilega takið daginn frá fyrir mesta fjör ársins.

Í millitíðinni er hægt að hafa samband við skemmtinefndarfólk; Önnu Líndal s: 8926357, Ágúst Þór s: 6953310, Tolly s: 6129690 / 5254489 og Baldur s: 7734045.

NÝ HEIMASÍÐA JÖKULS

Ný heimasíða Jökuls, tímarits Jökларannsóknafélags Íslands og Jarðfræðafélags Íslands, var opnuð síðla sumars, sjá: "<http://www.jokulljournal.is>". Unnið er að nánari útfærslum en Bryndís Brandsdóttir hefur borið hita og þunga af gerð nýju síðunnar.

Heimasíða Jökuls var löngu tímabær og mun auka hróður Jökuls jafnt hér heima sem á alþjóðlegum vettvangi. Jökull lenti í nokkrum hremmingum á árinu, tengdum óprúttum aðilum sem reyndu að nota nafn hans og orðspor til að hafa fé af grunlausum vísindamönnum. Þær [hremmingar](#) ættu nú að vera úr sögunni en þær voru m.a. kveikjan að því að flýtt var að hleypa nýrri vefsíðu Jökuls af stokkunum.

Allt efni Jökuls til og með 1971 er aðgengilegt á nýrri vefsíðu Jökuls: "<http://www.jokulljournal.is>". Eftir 1971 er allt félagsefni aðgengilegt, þ.m.t. myndasíður, jöklabreytinga- og vorferðarskýrslur, auk ágrípa vísindagreina. Næsti árgangur Jökuls (63) er á leið í prentun.

GJÖRFÍ

Gönguferðir GJÖRFÍ eru á allra færi og eru að jafnaði farnar annan hvern þriðjudag kl. 18:00. Í forsvari fyrir hópnum eru Ástvaldur Guðmundsson, Jósef Hólmjárn og Þóra Karlsdóttir. Dagskrá það sem eftir lifir hausts er hér að neðan. Munið ennisljósín!

<u>Dags.</u>	<u>Áfangastaður</u>	<u>Brottför</u>
29. okt.	Seltjarnarnes	Smábátahöfnin Seltjarnarnesi
12. nóv.	Elliðaárdalur	Rafveituheimilið
26. nóv.	Öskjuhlíð	Nauthóll
10. des.	Álafosskvosin	Select Vesturlandsvegi
7. jan.	Rauðavatnshringur	Morgunblaðshúsinu

VORFERÐ JÖRFÍ 31. MAÍ – 8. JÚNÍ 2013

Vorferðin var um flest með sama hætti og undanfarin ár. Farið var úr Reykjavík á föstudagskvöldi í Jökulheima þar sem hópurinn gisti. Daginn eftir var flutningi komið inn á jökulrönd og gengið frá öllu áður en lagt var af stað upp Tungnaárjökul. Vélsleðahópar fóru þegar til verka við GPS-mælingar og í að koma fyrir mælitækjum. Ferðin á Grímsfjall var að öðru leyti tíðindalítill, en færi á jöklinum var þokkalegt fyrir bíla. Frá Háubungu var þó þung færð og gekk hægt þaðan á Eystri Svíahnjúk, þó ekki hlytust af neinar umtalsverðar tafir. Farartækin voru snjóbíll HSSR, Ford bíll JÖRFÍ, bílar frá Veðurstofunni og Jarðvísindastofnun auk þess sem félagið fékk Magnús Þór Karlsson til að koma á Econoline bíl sínum. Einnig voru vélsleðar fleiri en oftast áður, enda stóð til að setja upp mælitæki á ýmsum stöðum. Þátttakendur voru lengst af 24 en þrír fóru þó til byggða á fimmtudeginum.

Verkefni voru að hluta til venjubundin langtímaverkefni. Þessi verkefni voru að mæla vatnshæð Grímsvatna, kanna breytingar á jarðhita, einkum á gosstöðvum síðustu ára, mæla vatnsborð lóna í Kverkfjöllum, mælingar á afkomu jökulsins á nokkrum stöðum, uppsetning veðurstöðvar á Bárðarbungu og GPS-landmælingar á



Vestast í Grímsvötnum verður jökullinn tröllslegri með hverju árinu.

nokkrum föstum punktum. Að auki voru nokkur tilfallandi verkefni. Þessi voru nákvæmar íssjarmælingar á því svæði austan Hamarsins þar sem katlar mynduðust og hljóp úr í júlí 2011, íssjarmælingar í Grímsvötnum, athugun á gasútstreymi í Grímsvötnum og Kverkfjöllum, þyngdarmælingar á fastpunkti á Grímsfjalli og GPS-mælistöðvum, vitjun um vatnshæðarmæli í Kringilsá og mæling á hæð jökulyfirborðs í Skaftárkötlum. Þessu til viðbótar voru uppsetning Veðurstofunnar á föstum jarðskjálftamælum og GPS mælistöðvum á Húsbónda austan Pálsfjalls og Káraskeri í Breiðamerkurjökli auk þess sem stöðin sem áður var komin á Vött í Skeiðarárjökli var lagfærð. Á Grímsfjalli var komið fyrir rafsviðsskynjurum sem munu nýtast til að meta aflið í næsta Grímsvatnagosi þegar það brestur á. Þessar viðbætur eru þáttur í hinu stóra rannsóknarverkefni FUTUREVOLC sem snýst um stóreflda vöktun og mælingar á eldstöðvum á Íslandi. Verkefnið er styrkt af Evrópusambandinu og í því taka þátt 26 aðilar frá 10 Evrópulöndum. Á næsta ári er gert ráð fyrir að enn verði bætt í og settir upp jarðskjálftamælar á jöklinum sjálfum og á að gera tilraunir með að reka þá allt árið. Ef vel tekst til má búast við að gögn úr

Þessum tækjabúnaði muni með tímanum varpa nýju ljósi á hegðun eldstöðva í Vatnajökli.

Verkefni gengu í stórum dráttum vel. Vilhjálmur og Bergur höfðu stuttan stans á Grímsfjalli og héldu rakleiðis í Esjufjöll þar sem þeir dvöldu framan af ferðinni við uppsetningu tækjanna á Káraskeri. Slagveðursrigning var á mánudag og þriðjudag og sovét fyrri daginn, og að hluta til þann seinni líka. Miðvikudagur var skárri og þá unnið úti á jökli. Fimmtudagur var vel nýttur til mælinga en hluti hópsins fór á Þórðarhyrnu og að Pálsfjalli þar sem nýju tækin á Húsbóndanum voru skoðuð. Aðrir voru þennan dag við íssjármælingar eða í Kverkfjöllum við athuganir. Glóbjart var um allan jökul og aðstæður eins og þær gerast bestar. Í ferðinni í Kverkfjöll kom í ljós að Gengissig var farið að safna vatni eftir stöðugan leka í tíu ár, eða allt frá hlaupinu í ágúst 2002. Hlaupið sem kom nú í ágúst úr Gengissigi kom fólki því ekki alfarið á óvart. Af heimferð segir fremur fátt enda gekk hún áfallalaust. Sá sem þetta ritar þurfti reyndar að bíta í það súra epli að yfirgefa jökulinn og halda til byggða á fimmtudeginum til að sitja fund erlendis – um það sama FUTUREVOLC verkefni sem áður var nefnt.



Ísleifur á sundi í lóninu við gosstöðvarnar frá 2011.

Ferðin tókst í alla staði vel. Meðal þátttakenda var Hannes Haraldsson, einn af máttarstólpum vorferða um áratugi og heiðursfélagi JÖRFÍ. Hann lætur ekki sitt eftir liggja í jöklaferðum þó hann hafi á síðasta ári látið af störfum hjá Landsvirkjun vegna aldurs. Aldursforseti ferðarinnar var þó annar heiðursfélagi, Magnús Hallgrímsson, sem varð átræður á síðasta ári. Með í för voru einnig nokkrir ungir félagsmenn sem ekki hafa farið í vorferð áður. Breidd hópsins og fjölbreyttur bakgrunnur hefur löngum verið eitt af einkennum vorferða, og eins og sjá má af ofansögðu var ferðin nú engin undantekning. Þau tíðindi verða síðust sögð af þessari ferð, að tveir þátttakendur syntu í ísköldu lóninu á gosstöðvunum frá 2011. Annar þeirra bætti um betur og synti einnig í Galtarlóni og Gengissigi í Kverkfjöllum. Er hér greinilega komin upp ný tíska í jöklaferðum.

Magnús Tumi Guðmundsson

KÚNSTIR NÁTTÚRUNNAR

Á haustfundi JÖRFÍ verður til sölu ”Kúntir náttúrunnar - Aldarlagur Sigurðar Þórarinssonar 1912-2012”, tveggja diska safn söngva og myndefnis sem tengist Sigurði Þórarinssyni. Safnið kostar kr. 4.000,- og á haustfundinum verður einungis hægt að greiða með reiðufé. Frekari upplýsingar er að finna á vef félagsins: [“http://www2.jorfi.is”](http://www2.jorfi.is).

FRAMKVÆMDIR Í JÖKULHEIMUM

Undanfarin misseri hefur skálanefnd staðið í ströngu við viðhald og breytingar á stóra skálanum í Jökulheimum. Fyrir nokkru var byggð viðbygging við húsið með 16 svefnplássum, og skipt um klæðningu, glugga og gler í öllu húsinu. Í vor var svo gerð mikil gangskör innandyra. Eftir að gamla eldhúsinnréttingin hafði verið rifin, þá voru öll gólf slípuð og lökkuð. Ný eldhúsinnrétting var smíðuð og uppsetning undirbúin í aðstöðu HBH verktaka og kann skálanefnd þeim bestu þakkir fyrir. Innréttingin var sett upp í Jökulheimum seint í maí, og samhliða var allt frárennsli frá eldhúsi og vatnslagnir endurnýjaðar, og lýsing bætt. Jafnframt voru gaslagnir endurnýjaðar og státar eldhúsið nú af nýrri gaseldavél, og er öll aðstaða til mikils sóma fyrir félagið.



Unnið að endurbótum í Jökulheimum. Gólf hafa m.a. verið slípuð og lökkuð, og eldhús endurnýjað ásamt öllu sem því tilheyrir (myndir: Snæbjörn Sveinsson).

Útg. JÖRFÍ, Pósthólf 5128, 125 Reykjavík / Ábm. Hálfán Ágústsson